



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna og  
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 16. október 2020

1910004SA VRH  
Málalykill: 00.03

### Efni: **Boðun XXXV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Samkvæmt 7. gr. samþykktá Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXV. landsþings sambandsins föstudaginn 18. desember nk.

Í ljósi aðstæðna verður landsþingið haldið rafrænt og hefst það kl. 10:00 og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 13:00 sama dag. Nánari upplýsingar um dagskrá og tæknilega útfærslu verða send út þegar nær dregur.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktá sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 30. nóvember 2020.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri